

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 1. áfanga.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 9. desember 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Naustahverfi, 1. áfanga.

Svæðið sem breytingum tekur nær til Hólmatúns 2 og aðliggjandi gatna. Breyting er m.a. gerð á lóðarmörkum skólalóðarinnar, bílastæðum og aðkomu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 23. desember 2015,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.